



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Reykjavík, 19. september 2016  
2013020017  
25.7

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð  
Tjarnargötu 11  
Reykjavík

Málsnr.: 216010225
Skjalasafn Ráðhúss
19. sep. 2016
Bréfalykill: 1210

***Tillaga um breyttar forsendur þjónustu- og rekstraráætlunar fyrir búsetukjarna að Þorlaksgeisla, dags.15. ágúst 2016.***


Á fundi velferðarráðs þann 15. september 2016 var lögð fram tillaga um breyttar forsendur þjónustu- og rekstraráætlunar fyrir búsetukjarna að Þorlaksgeisla, dags.15. ágúst 2016.

Lagt er til að samþykkt verði að veita viðbótarfjármagn til reksturs á nýju heimili að Þorlaksgeisla 2-4 að fjárhæð kr. 13.8 milljónir vegna ársins 2017.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þetta er hér með sent ykkur til staðfestingar.

Virðingarfyllst,

  
Stefan Eiríksson  
sviðsstjóri



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Dagsetning: 15. ágúst 2016  
Skrifstofa: Þjónustu heim  
Unnið af: Arne Friðrik Karlsson  
Jenný Stefanía Jensdóttir  
Jóna Guðný Eyjólfsdóttir  
Ólafía Magnea Hinriksdóttir  
Ábyrgð: Berglind Magnúsdóttir  
Gopro: 2013020017

Lagt fyrir fund velferðarráðs 15.09.2016

## Tillaga

**Tillaga:** Lagt er til að samþykkt verði að veita viðbótar fjármagn til reksturs á nýju heimili að Þorláksgæisla 2-4 að upphæð kr. 13,8 milljónir vegna ársins 2017.

### Forsaga:

- Tillaga velferðarsviðs að áfangaskiptri fimm ára áætlun um uppbyggingu búsetuúrræða fyrir fatlað fólk. Samþykkt í velferðar- og borgarráði í apríl 2014 og með breytingum samþykktum í velferðarráði 18. desember 2014.
- Samkvæmt áfangaskiptri fimm ára áætlun um uppbyggingu búsetuúrræða fyrir fatlað fólk var áætlað rekstrarfjármagn í Þorláksgæisla kr. 121 m.kr. Sú áætlun er frá 2013.
- Skýrsla starfshóps um breytt starfsumhverfi til að styðja við þjónustu í tilteknum sértækum búsetuúrræðum (mars 2015).
- Starfshópur um útfærslu á grunnmönnum búsetuúrræða eftir þjónustuþyngd og notkun dálkaframsetningar í launaáætlun (júní 2016).

### Greinargerð/umsögn:

Samkvæmt áfangaskiptri fimm ára áætlun sem velferðarráð samþykkti þann 18. desember 2014 var gert ráð fyrir árlegu rekstrarfjármagni í Þorláksgæisla upp á 121 m.kr. Sú áætlun byggði á rekstrarkostnaði sambærilegra íbúðakjarna þar sem íbúar eru metnir með þjónustuþörf í flokki III.

Þann 19. september 2014 var skipaður starfshópur sem fékk það hlutverk að undirbúa og vinna að útfærslu á tilraunaverkefni um breytt starfsumhverfi fimm starfandi búsetuúrræða þar sem íbúar höfðu flóknar þjónustuparfir, þ.e. einhverfu og hegðunarerfiðleika eins og í Þorláksgæisla. Hópnum var m.a. falið að skoða þörf fyrir breytingu og þróun starfa. Hópurinn skilaði skýrslu ásamt tillögum í mars 2015 sem m.a. fólu í sér:

- ✓ Að íbúðakjarnar með álagsstig II skv. kjarasamningum (flokkun m.v. SIS mat íbúa) hafi teymisstjóra en fjöldi teymisstjóra er reiknaður út frá SIS mati og þjónustuþörf íbúa.
- ✓ Að starfsstaðir skilgreindir með álagsstig II hafi ætíð tvo starfsmenn á næturvakt.
- ✓ Að allir starfsmenn á starfsstöðum með álagsstig II fái greitt sérstakt álagsgjald sambærilegt við fjögurra launaflokka hækkun.
- ✓ Að hægt verði að færa fjármagn stöðugilda frá dagþjónustu til búsetukjarna. Starfsmaður búsetukjarnans myndi þá fylgja íbúa til dagþjónustu.
- ✓ Að starfsmenn séu ekki einir að störfum í úrræðum með álagsstig II.

Tveggja ára tilraunaverkefni skv. tillögum starfshópsins var hrundið af stað á þremur heimilum vorið 2015 að því undanskildu að samþætting dagþjónustu og búsetukjarna hefur ekki orðið. Ljóst er að áætla þarf meira fjármagn í rekstur þeirra heimila sem rekin eru skv. tillögum starfshópsins en samhliða verða vinnubrögð faglegri sem hefur jákvæð áhrif á íbúa og starfsfólk með þeim hætti að alvarlegum atvikum fækkar og það dregur úr veikindum starfsmanna.

Í ljósi þess að stjórnun og rekstri sambærilegra heimila eins og Þorlaksgeisla hefur verið breytt síðan rekstraráætlunin var gerð árið 2013 þá þarf að bæta við fjármagni svo hægt sé að veita fyrsta flokks þjónustu á nýju heimili. Einnig er lagt til í Þorlaksgeisla verði búseta og dagþjónusta samþætt hjá amk. hluta íbúanna og er það í samræmi við tillögur starfshópsins.

#### **Fjárhagsáætlun:**

Skrifstofa fjármála og reksturs hefur reiknað út áætlun fyrir Þorlaksgeisla 2-4 út frá fyrirbyggjandi forsendum. Gert er ráð fyrir 24,4 stöðugildum (stg) og að innifalið í þeim stöðugildum sé öll virkni- og stoðþjónusta. Mönnunarlíkanið gerir ráð fyrir 2,8 stg teymisstjóra, 5,2 stg fagmenntaðra og 15,4 stg ófagmenntaðra. Launlíkan innifelur sumarafleysingu, desember uppbót, veikindi, stórhátíðarálag og launatengd gjöld. Leigukostnaður er í samræmi við upplýsingar frá Félagsbústöðum. Gert er ráð fyrir að annar rekstarkostnaður sé 3% af launum í samræmi við sambærileg heimili.

Ný áætlun með uppfærðum forsendum um mönnun og þjónustustig gerir ráð fyrir árlegum heildarkostnaði 241 mkr. auk stofnkostnaðar að fjárhæð 3 mkr.

#### **Þorlaksgeisli 2-4**

Laun og launatengd gjöld	221.871
Húsaleiga	12.257
Rekstrarkostnaður	6.862
<b>Kostnaður alls</b>	<b>240.989</b>
Stofnkostnaður	3.000
allar fjárhæðir í þús.króna	

Áætluð stöðugildi vegna virkni og stoðþjónustu eru alls 4,5 og kostnaður 40,1 mkr miðað við jafna skiptingu fagmenntaðra og ófagmenntaðra starfsmanna. Ef notendur sækja virkni og stoðþjónustu sem Reykjavíkurborg rekur, og starfsmaður fylgir með, má gera ráð fyrir fækkun stöðugilda hjá

dagþjónustu úrræði sem því nemur. Fyrirhugað er að hluti notenda sæki dagþjónustu hjá Ás styrktarfélagi og mun sú ráðstöfun ekki leiða til niðurfellingar kostnaðar vegna dagþjónustu Reykjavíkurborgar. Á hinn bóginn myndi sú ráðstöfun leiða til fækkunar á stöðugildum í búsetunni ef um er að ræða viðvarandi ráðstöfun. Gert er ráð fyrir því að sá hluti notenda sem sæki dagþjónustu hjá Reykjavíkurborg samsvari til 2,5 stg. eða 22,5 mkr á ári miðað við gefnar forsendur.

Að undanskildum stofnkostnaði er heildarfjárbörf 218,5 mkr þ.e. 241 mkr heildarkostnaður að teknu tilliti til 22,5 mkr millifærslu frá dagþjónustu. Upprunaleg uppbyggingaráætlun frá 2013 gerði ráð fyrir 121 mkr vegna Þorlaksgeisla. Til ráðstöfunar af þegar úthlutaðri fjárheimild vegna uppbyggingaráætlunar velferðarsviðs fyrir árið 2017 eru 207,7 mkr.

*Fjárbörf er því 10,8 mkr vegna breyttra forsendna auk 3 mkr vegna stofnkostnaðar eða samtals 13,8 mkr árið 2017 verði verkefnið samþykkt.*

Ástæða er til þess að uppfæra fjárhæðir í uppbyggingaráætlun miðað við nýjar forsendur fyrir þau úrræði sem eftir er að opna, en gert er ráð fyrir opnun Austurbrúnar og Kambavaðs í lok árs 2017.

### ***Samantekt/niðurstaða:***

Við gerð núverandi rekstraráætlunar er stuðst við mönnunarmódel skv. niðurstöðum starfshóps um breytt starfsumhverfi til að styðja við þjónustu í tilteknum sértækum búsetuúrræðum frá mars 2015 og jafnframt er unnið út frá niðurstöðum starfshóps um útfærslu á grunnmönnun búsetuúrræða eftir þjónustuþyngd og notkun dálkaframsetningar í launaáætlun frá júní 2016. Mikilvægt er að við áætlun rekstrarkostnaðar á nýju úrræði eins og Þorlaksgeisla sé lagt af stað með raunhæfa áætlun sem miðast við þjónustuparfir væntanlegra íbúa og að horft sé til nýjustu og bestu þekkingar sem velferðarsvið hefur yfir að ráða.

Reynslan hefur sýnt að þjónustuparfir einstaklinga með einhverfu eru gjarnan miklar í upphafi búsetu á meðan fólk er að aðlagast nýjum aðstæðum en með góðri aðlögun og hækkandi aldri dregur oftast úr hegðunarfrávikum og erfiðum uppákomum fækkar. Þegar jafnvægi hefur náðst má gera ráð fyrir að rekstrarkostnaður lækki.